


# Að skoða orð og flokka

– paraverkefni



Hvað vitið þið um vatnsmelónur? Lesið eftirfarandi texta og athugið hvort þið kannist við allt sem þar kemur fram. Að því loknu skoðið þið einstök orð í textanum og flokkið þau samkvæmt eftirfarandi leiðbeiningum. Athugið að sama orðið gæti farið í tvo flokka, t.d. orð sem er fagorð og orð sem þið þekkið ekki.

1. **Algeng orð:** Veljið og skráið hjá ykkur fimmtán algeng *inntaksorð* (nafnorð, sagnorð, lýsingarorð).
2. **Fagorð:** Skráið öll *fagorð* sem þið finnið í textanum. Fagorð eru inntaksorð sem notuð eru t.d. í sérstökum starfsgreinum eða fræðigreinum.
3. **Skrautorð:** Skráið niður öll *skrautorð* sem þið finnið í textanum. Skrautorð geta verið hátíðleg orð sem einkum eru notuð í ritmáli og hægt er að finna algengari samheiti yfir þau, eða jafnvel sleppa þeim alveg.
4. **Orð sem þið þekkið ekki:** Í textanum eru kannski orð sem þið hafið ekki séð áður og þið þurfið að fletta upp. Skráið þannig orð hjá ykkur og flettið síðan merkingu þeirra upp í orðasafni.

## Má borða fræin úr vatnsmelónum?

Vatnsmelóna er ávöxtur vatnsmelónuplöntunnar en hún er af graskeraætt eins og agúrkur, eggaldin og grasker. Margir eru hrifnir af vatnsmelónum enda ávöxturinn ferskur, safaríkur og svalandi. Melónan er gjarnan borðuð ein og sér en einnig er vinsælt að nota hana í salöt eða drykki.

Fræ vatnsmelónunnar, eða steinarnir, eru svört að lit og venjulega nokkur hundruð í hverri melónu. Einnig má oft finna litla hvíta steina en þeir eru ekki raunveruleg fræ heldur hylki sem ættu að umlykja fræ en eru tóm. Það eru líka til frælaus afbrigði af vatnsmelónu en í þeim er þó að finna þessi hvítu hylki.

Við lestur á erlendum vefsíðum kemur í ljós að þeirri sögu er gjarnan haldið að börnum, að minnsta kosti í Norður-Ameríku, að alls ekki megi kyngja steinum vatnsmelónunnar því þá geti melónuplanta tekið að vaxa í maganum.

Hvort svona hræðslusögur eru ástæðan eða hvort fólki finnast steinarnir einfaldlega ólystugir þá er það svo að margir spýta vatnsmelónusteinum út úr sér, skera þá í burtu eða nota fingurna eða önnur áhöld til þess að kroppa þá úr. Það er hins vegar alveg ástæðulaust, það er í góðu lagi að borða steina vatnsmelónunnar og reyndar er það gert víða í heiminum, til dæmis í Asíu, Afríku og Mið-Austurlöndum.

Steinar vatnsmelónunnar eru í raun fullir af næringarefnum. Eins og önnur fræ eru þeir orkuríkir, 100 g af þurrkuðum vatnsmelónusteinum gefa 557 hitaeiningar. Í hverjum 100 g eru 47 g fita, 15 g kolvetni og 28 g af prótíni. Auk þess innihalda þeir ýmis nauðsynleg vítamín og steinefni.

Í Asíu og Mið-Austurlöndum er vel þekkt að þurrka vatnsmelónusteina, rista þá síðan og jafnvel krydda, og borða svo eins og snakk. Það þekkest einnig að nota þá í súpur og te og vinna úr þeim olíu. Án efa eru steinar vatnsmelónunnar nýttir á fleiri máta enda alveg ástæðulaust að láta hráefni fara til spillis.

(Af *Vísindavefnum* 1.11.2012. <http://visindavefur.is/?id=62755>)

1. Algeng orð

2. Fagorð

3. Skrautorð

4. Orð sem þið þekkið ekki

